



FORSENDUR OG MARKMIÐ

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2019 til og með 2022



1. Inngangur

Bæjarráð Reykjanesbæjar hefur samþykkt verklag við gerð fjárhagsáætlunar og er einn liður í því vinnuferli að taka saman helstu forsendur fjárhagsáætlunar í eitt skjal svo allir, bæði embættismenn og kjörnir fulltrúar, vinni út frá sömu forsendum. Í þessu skjali eru sett fram fjárhagsleg markmið en þjónustumarkmið birtast hins vegar í starfsáætlunum hvers sviðs. Einnig er hér að finna umfjöllun um helstu viðhaldsframkvæmdir sem vitað er að ráðast þurfi í á næstunni. Fyrir vinnu við fjárhagsáætlun samþykkti bæjarráð að lágmarks framlegð A-hluta yrði 13%. Það er von okkar að þessi samantekt helstu forsenda auðveldi og bæti vinnu við gerð fjárhagsáætlunar Reykjanesbæjar.

Virðingarfyllt
Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri.

2. Markmið

Fjármálastjórn Reykjanesbæjar skal ávallt vera í samræmi við lög og reglur sem gilda um fjármál sveitarfélaga á hverjum tíma. Markmið Reykjanesbæjar við gerð fjárhagsáætlunar 2019 og þriggja ára áætlunar 2020 til og með 2022 byggja annars vegar á fjármálareglum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og hins vegar reglum Reykjanesbæjar um gerð fjárhagsáætlunar.

Reykjanesbær starfar eftir aðlögunaráætlun sveitarfélagsins sem var samþykkt var á árinu 2017 í bæjarstjórn og staðfest hjá eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga. Fjárhagsáætlun 2019 og þriggja ára áætlun 2020–2022 mun leysa upphaflegu aðlögunaráætlunina af hólmi og verða gildandi aðlögunaráætlun sveitarfélagsins að lokinni afgreiðslu hennar í desember 2018.

Grundvallarhlutverk bæjarsjóðs, A-hluta Reykjanesbæjar, er að veita íbúum bæjarins góða og skilvirka þjónustu.

2.1 Markmið um þjónustu

Gerð er grein fyrir stefnum, markmiðum og áformum varðandi þjónustu bæjarins í starfsáætlunum fagsviða og fyrirtækja í B-hluta samstæðu bæjarins.

2.2 Markmið um jafnvægi í rekstri A-hluta og samstæðu A og B hluta Reykjanesbæjar

Skylt er að haga fjárhagsáætlun þannig að rekstrargjöld séu fjármögnuð með tekjum af rekstri. Í 64. gr. laga nr. 138/2011 er kveðið á um að sveitarstjórn skuli sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum. Lögin gera þess vegna kröfu um að heildarútgjöld til rekstrar vegna samstæðu skuli á hverju þriggja ára tímabili ekki vera hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum (jafnvægisreglan). Þannig má segja að tekjuáætlun til næstu fjögurra ára marki útgjaldaból A-hluta og samstæðu A og B hluta.

Þetta markmið felur í sér:

- Að bæði A-hluti og samstæða A og B hluta þurfa á hverju ári að vera rekin með afgangi.
- Að yfir hvert þriggja ára tímabil séu rekstrartekjur A-hluta og samstæðu A og B hluta hærri en rekstrargjöld.
- Að bæjarsjóður Reykjanesbæjar og samstæða bæjarins verði rekin með tekjuafgangi út tímabilið.



Markmið um jafnvægi í rekstri tengist eftirfarandi þáttum:

- Tekjur – útsvar, fasteignagjöld, þjónustugjöld
- Íbúafjöldi
- Launakostnaður
- Annar rekstrarkostnaður
- Rekstrarniðurstaða skili afgangi til greiðslu skulda og skuldbindinga.

2.3 Markmið um hámark skulda og skuldbindinga í A–hluta og samstæðu A og B hluta Reykjanesbæjar

Rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða A–hluta skal ráðstafað þannig að bæjarsjóður geti til framtíðar sinnt skylduverkefnum sínum á hverjum tíma. Þetta felur í sér kröfu um að heildarskuldir og skuldbindingar nemi að hámarki 150% af reglubundnum tekjum, sbr. 64. gr. laga nr. 138/2011 og reglugerðar nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga og er hér eftir vísað í það sem skuldaviðmið. Lagaákvæðið kallar á markmið um hóflega og sjálfbæra skuldsetningu.

Með reglugerð nr. 458/2018 var gerð breyting á áðurnefndri reglugerð nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga þannig að sveitarstjórnnum er nú heimilt að halda utan við útreikning á skuldaviðmiðinu áhrif veitu- og orkufyrirtækja í B hluta. Einnig var gerð veigamikil breyting á frádráttarliðum skuldaviðmiðsins þannig að nú er heimilt að draga veltufjármuni frá skuldum í stað hreins veltufjárns við útreikning. Við framsetningu á skuldaviðmiði í yfirlitum í Samantekið A og B hlutar, eru H.S. veitur ehf. enn með í útreikningnum á skuldviðmiðinu. Hins vegar er tekið tillit til breytingarnar á frádráttarliðunum og það sett fram sem svokallað Skuldaviðmið nýtt.

Í fjárhagsáætlun 2019 til og með 2022 er áætlað að veltufé frá rekstri bæjarsjóðs á árinu 2019 verði 1.686 m.kr. í A–hluta og fari svo hækkandi til ársins 2022.

Grunnfjárfestingar í stofnframkvæmdum verði lágmarkaðar við 450 m.kr. Vegna íbúafjölgunar er gert ráð fyrir byggingu 1. áfanga nýs skóla, Stapaskóla sem ekki er hægt að fresta. Gert er ráð fyrir um 1.500 m.kr. fjárfestingu vegna þessa verkefnis á árinu 2019 og um 1.600 m.kr. árið eftir. Á árunum 2021 og 2022 er 2. áfangi skólans á framkvæmdaáætlun, alls um 1.300 m.kr. Á árinum 2020 til 2022 er gert ráð fyrir 300 m.kr. framlagi Reykjanesbæjar til byggingar á nýju hjúkrunarheimili.

Vegna þessara miklu fjárfestinga er gert ráð fyrir lítilsháttar aukningu skulda í A–hluta en í samanteknum reikningi sveitarfélagsins er ekki gert ráð fyrir aukningu skulda á árunum 2019 til 2022.

2.4 Markmið tengd aðlögun að fjármálareglum sveitarfélaga

Þau sveitarfélög sem uppfylla ekki fjármálareglur sveitarfélaga skv. 64. grein laga nr. 138/2011 er gert skylt að leggja fram áætlun fyrir Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (svokallaða aðlögunaráætlun) um hvernig og hvenær þau ráðgera að uppfylla kröfu um 150% skuldaviðmið. Sveitarfélög fengu 10 ár frá gildistöku laganna árið 2012 til að ná skuldaviðmiði sínu niður.

Með samkomulagi við kröfuhafa um endurskipulagningu efnahagsreiknings Reykjanesbæjar og Sóknaráætlun um bættan rekstur sveitarfélagsins hefur náðst á undanförunum árum talsverður árangur í rekstri og mikilvægir áfangar við að ná framangreindum markmiðum um skuldaviðmið.

Reykjanesbær lagði fram aðlögunaráætlun á árinu 2017 fyrir Eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga sem nefndin samþykkti og unnið er eftir. Með fjárhagsáætlun 2019 og 3ja ára áætlun til ársins 2022 er gerð uppfærsla á þessari aðlögunaráætlun. Áfram er gert ráð fyrir að eitt af meginmarkmiðum aðlögunaráætlunar náist en það er að komast undir 150% skuldaviðmið eins og það var sett fram í upphaflegri aðlögunaráætlun.



2.5 Markmið tengd greiðsluhæfi A–hluta

Greiðslubyrði vegna skulda og skuldbindinga A–hlutans er vel viðráðanleg á næstu árum. Reykjanesbær lauk við á árinu 2018 að endurskipuleggja efnahag Reykjaneshafnar og tók á sig skuldir og skuldbindingar hafnarinnar með endurfjármögnun. Með auknum útsvarstekjum og bætts rekstrar bæjarsjóðs hefur framlegð aukist og mun aukast áfram á næstu fjórum árum skv. áætluninni. Greiðsluhæfi bæjarsjóðs er því ágætt á framangreindu tímabili.

2.6 Markmið varðandi fjárhagslegt gagnsæi

Ítarlegar fjárhagslegar upplýsingar um A–hluta skulu vera aðgengilegar fyrir almenning. Þar er átt við að á vef bæjarins verði hægt að nálgast fjárhagsupplýsingar varðandi rekstur bæjarfélagsins:

- Fjárhagsáætlun
- Mánaðarleg rekstraryfirlit
- Árshlutauppgjör
- Ársreikninga
- Viðauka við fjárhagsáætlun

3. Framsetning áætlunar og rekstur málaflokka

3.1 Framsetning áætlunar

Frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjanesbæjar samanstendur af rekstrar- og efnahagsreikningi fyrir A–hluta og samstæðureikning A og B–hluta. A–hluti, öðru nafni bæjarsjóður, samanstendur af aðalsjóði, eignasjóði og umhverfismiðstöð sem sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Til B–hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki sem eru í meirihluta eigu sveitarfélagsins og eru reknað sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B–hluta eru: Fráveita Reykjanesbæjar, Reykjaneshöfn, HS Veitur hf., Eignarhaldsfélagið Fasteign ehf. (EFF), Tjarnargata 12 ehf., Hljómahöll–veitingar ehf, Fasteignin sem hýsir hjúkrunarheimilið að Nesvöllum og Íslendingur ehf. Fasteignir Reykjanesbæjar ehf. fóru úr samstæðunni undir lok árs 2017 við sölu á félaginu til Almennra íbúða hses.

3.2 Rekstur málaflokka


Markmiðið með verklagi við fjárhagsáætlunargerð er að bæta meðferð fjármuna bæjarins og lágmarka frávik frá fjárhagsáætlun.

Fjárhagsáætlun Reykjanesbæjar er rammaáætlun þar sem málaflokkum og stofnunum eru veittar heildarfjárveitingar. Gengið er út frá því að stjórnendur sviða og stofnana hafi bestu forsendur til að vinna frekar úr þeim verkefnum sem ákveðið er að framfylgja og leita hagkvæmstu leiða til að framkvæma. Mikilvægt er að ákvarðanataka sé eins nálægt notendum þjónustunnar og við verður komið. Þannig verður ábyrgð skýrari og ákveðið athafnafrelsi myndast í rekstri málaflokka. Rammaáætlun byggir á samþykktri aðlögunaráætlun til og með ársins 2022. Fjárhagsáætlun bæjarins út tímabilið verður uppfærð aðlögunaráætlun.

Fræðslu- og uppeldismál eru sem fyrr langstærsti málaflokkurinn en útgjöld til fræðslumála nema 49% af heildarútgjöldum sveitarfélagsins. Útgjöld til fjölskyldu- og félagsþjónustu nema 13% af heildarútgjöldum, íþrótta- og tómsundamál 7%, umhverfis-, umferðar- og skipulagsmál 4%, menningarmál 3% og brunamál og almannavarnir taka til sín 2%. Sameiginlegur kostnaður nemur 7% af heildarútgjöldum en undir þennan málaflokk falla nefndir og



ráð, rekstur ráðhúss, tölvu og upplýsingamál fyrir allar stofnanir. Inni í þessum málaflokki er einnig utanumhald um framlög til Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum. Útgjöld umhverfismiðstöðvar nema 2% og eignasjóðs nema 6%. Lífeyrisskuldbindingar nema 4%.



4. Forsendur fjárhagsáætlunar 2019 og langtímaáætlana

Forsendur fjárhagsáætlunar Reykjanesbæjar fyrir árin 2019 til og með 2022 eru eins og undanfarin ár að mestu leyti byggðar á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem birtist í byrjun júní 2018. Auk þess tók Samband íslenskra sveitarfélaga saman minnisblað í júní 2018 um forsendur og áherslur við gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélaga árið 2019.

Úr minnisblaði Sambandsins frá júní 2018 um efnahgsskilyrði og kjaramál:

Þjóðhagsspá Hagstofu

Lög um opinber fjármál mæla sérstaklega fyrir um hagrænar forsendur í 8. gr. Segir þar m.a. að byggt skuli á traustum forsendum og gögnum, opinberum hagtölum og þjóðhagsspám. Lögð er áhersla á að gerð skuli grein fyrir forsendum sem byggt er á. Ástæða er til að leggja sérstaklega að sveitarfélögum að gera sem besta grein fyrir þeim forsendum sem unnið er eftir og á það við hvort tveggja áætlun næsta árs og þriggja ára áætlun.



Í reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga segir með beinum hætti í 17. gr. að við vinnslu fjárhagsáætlunar skuli sveitarfélög styðjast við þjóðhagsspár Hagstofu Íslands þar sem við á. Síðasta spá stofnunarinnar (sumarspá) var birt 1. júní sl. Stofnunin mun birta vetrarspá sína um miðjan nóvember næstkomandi. Mun Hag- og upplýsingasvið draga upp minnisblað um helstu breytingar frá sumarspá og miðla til sveitarfélaga.

Í töflu 1 eru niðurstöður Hagstofu um þróun helstu þjóðhagsstærða árin 2018- 2022 raktar.

Tafla 1. Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands 2018-2022

Hlutfallsleg magnbreyting milli ára, þ.e. umfram verðhækkanir, nema annað sé tekið fram.

	2018	2019	2020	2021	2022
Einkaneysla	5,3	3,9	3,1	2,9	2,7
Samneysla	2,5	2,1	1,9	1,7	1,9
Fjármunamyndun	3,2	4,9	3,6	1,7	2,2
Atvinnuvegafjárfesting	-1,9	3,1	1,7	-0,1	3,6
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði	20,9	12,4	8,2	5,4	4,8
Fjárfesting hins opinbera	14,7	3,6	5,8	4,3	-7,5
Þjóðarútgjöld, alls	4,2	3,8	2,9	2,4	2,4
Útflutningur vöru og þjónustu	3,4	2,7	2,6	2,6	2,6
Innflutningur vöru og þjónustu	6,4	5,1	3,0	2,4	2,3
Verg landsframleiðsla (hagvöxtur)	2,9	2,7	2,7	2,5	2,6
Vöru- og þjónustujöfnuður, % af VLF	2,7	1,9	1,7	1,8	1,9
Viðskiptajöfnuður, % af VLF	1,8	1,5	1,3	1,2	1,4
Atvinnuleysi, % af vinnuafli	2,9	3,3	3,7	3,9	4,0
Vísitala neysliverðs (verðbólga)	2,7	2,9	2,7	2,6	2,6
Launavísitala	5,9	6,0	4,4	4,2	4,2

Hagvöxtur. Hagstofa Íslands metur hagvaxtarhorfur næstu ára stöðugar og spáir 2,9% hagvexti í ár, 2,7% á því næsta og um 2,5 % árin 2020-2022. Tafla 1 sýnir að þess er vænst að fjárfestingar í íbúðarhúsnæði aukist á næstu árum sem og opinberum fjárfestingum. Hins vegar spáir Hagstofa að hægi á vexti fjárfestingar atvinnveganna, eftir mikinn vöxt nokkur undanfarin ár.

Ferðapjónustan hefur skipt þjóðarbúið sköpum undanfarin ár. Spá Hagstofu byggir á áframhaldandi vexti ferðapjónustu, þótt þeirri forsendu sé ekki gefið tölulegt gildi.

Spá Landsbankans er m.a. byggð á forsendu um 2% fjölgun ferðamanna í ár og næstu tvö árin sem gefur 4,1% hagvöxt í ár. Í spá bankans kemur einnig fram að ef fjölgun verður meiri, t.d. 6% er spáð 4,7% hagvexti, en við fækkun um 4% lækkar hagvaxtarspá niður í 3,4%. Sýnir þetta vel hversu búskapur þjóðarinnar á mikið undir ferðapjónustu nú um stundir.



Vísitala neysluverðs byggir á könnun á útgjöldum heimila og tekur þannig til vöru og þjónustu sem heimilin kaupa, þ.m.t húsnæði. Verðbólga hefur verið lág undanfarin ár. Lítil verðbólga í viðskiptalöndum og hækkun gengis krónunnar hafa vegið upp innlendan verðbólguþrýsting á undanförunum árum. Hagstofan gerir ráð fyrir að verðbólga vaxi lítillega næstu tvö árin, verði 2,7% í ár og 2,9% 2019 og um 2,5% síðustu ár spátímabilsins.

Flestir spáaðilar eru á svipuðu róli í mati á verðbólguhorfum, en Arion banki nokkuð svartsýnni og spáir meiri verðbólgu en hinir árin 2019 og 2020.

Gallup kannar fyrir Seðlabanka hvað heimili og forsvarsmanna stærstu fyrirtækja halda að verðbólga verði á næstunni. Í vorkönnun kom fram að heimili og fyrirtæki reikna með að eftir eitt ár yrði verðbólga meiri en Hagstofa spáir, eða 3%.

Hækkun vísitölu neysluverðs má nota sem vísbendingu um almennar verðbreytingar, t.d. margvíslegrar rekstrarvöru. Hagstofa gerir ráð fyrir að heimsmarkaðsverð á olíu muni enn hækka á þessu ári, eða um 25%, en lækka á því næsta og haldast óbreytt út spátímabilið.

Undanfarin ár hefur húsnæðiskostnaður verið afgerandi þáttur í hækkun vísitölunnar. Hagstofan birtir reglulega vísitölu neysluverðs án húsnæðis og skv. þeim mælikvarða hefur verðbólga verið neikvæð (m.ö.o. verðhjöðnun) allt frá miðju ári 2016. Hagstofan spáir þó aðeins fyrir um vísitöluna í heild.

Húsnæðisverði er hvorki spáð af Hagstofu né Seðlabanka, en það gera viðskiptabankarnir þrír. Landsbanki og Íslandsbanki spá því að húsnæðisverð hækki um 9-10% umfram verðbólgu 2018-2020. En Arion banki spáir minni hækkun húsnæðisverðs árin 2019 og 2020 og að raunverð húsnæðis lækki þau árin.

Gengi. Í litlu opnu hagkerfi er gengi krónunnar lykilstærð og ræður miklu um verðlagsþróun. Skuldir A-hluta sveitarfélaga í erlendri mynt eru litlar en öðru máli gegnir um mörg B-hluta fyrirtæki. Gengisþróunin hefur mikil áhrif á afkomu margra sveitarfélaga, einkum þar sem útflutningsstarfsemi er undirstaða atvinnulífs.

Hagstofan gefur sér að gengi krónunnar haldist óbreytt út spátímabilið og raungengi hækki enn frekar. Raungengi krónunnar er vissulega mjög hátt um þessar mundir. Það er á svipuðu róli og á fyrri toppum, svo sem árin 1981, 1988 og 2007, þegar það reyndist ekki sjálfbært og gengið gaf verulega eftir. Áframhaldandi viðskiptaafgangur og hagstæð skuldastaða þjóðarinnar kunna að styðja við hátt raungengi á næstu árum.

Atvinna. Atvinnuleysi hefur áhrif á félagsleg útgjöld, s.s. fjárhagsaðstoð. Mikil umskipti hafa orðið á vinnumarkaði á undanförunum árum. Spá Hagstofu gerir ráð fyrir að atvinnuleysi verði 2,9% í ár og 3,3% á næsta ári en aukist lítillega á næstu árum og verði 4% í lok spátímabilsins.

Atvinnuþátttaka, samtala þeirra sem eru starfandi og atvinnulausir í virkri atvinnuleit, hefur vaxið, samfara aukinni vinnuafleiftirspurn. Hagstofa birtir ekki spá um starfandi fólk.



Launavísitala. Útsvarstekjur ráðast fyrst og fremst af þróun launatekna, en jafnframt vegur launakostnaður þungt í útgjöldum sveitarfélaga. Hagstofan gerir ráð fyrir að launavísitalan í heild hækki um 5,9% frá 2017 til 2018 og um 6% frá 2018 til 2019. Felur það í sér að kaupmáttur launa vaxi um 3% þessi árin en um 1,6% árlega út spátímabilið.

Aðrar spár. Niðurstaða annarra aðila, s.s. Seðlabanka, Landsbanka og Íslandsbanka eru nokkuð á sömu lund og teikna upp mjúka lendingu þjóðarbúskaparins sem leitar jafnvægis í langtíma meðaltölum. Samantekt spáa um lykilstærðir er að finna í töflu í viðauka.

Forsendur um tekjur

Hag- og upplýsingasvið mun að venju taka saman staðgreiðsluáætlun fyrir hvert og eitt sveitarfélag fyrir komandi ár með áætlun um eftirálagningu vegna ársins í ár. Gert er ráð fyrir að þessar upplýsingar verði birtar í október.

Á grundvelli spár Hagstofu Íslands um hækkun launavísitölunnar og áætlunar um vinnumagn (fjöldi starfandi fólks) áætlar fjármálaráðuneytið við undirbúning fjárlaga hver hækkun á tekjuskattstofn kunni að verða á þessu ári og því næsta. Reikna má með að þessar áætlanir muni liggja fyrir í september. Gera má ráð fyrir að vinnumagnið aukist á landinu í heild um 1-1,5% á ári hverju og samkvæmt því gæti útsvarsstofn í heild hækkað um 7-7,5% frá 2018 til 2019.

Þjóðskrá Íslands birti nýtt fasteignamat í byrjun júní sl. og tekur það gildi 31. desember 2018 og gildir fyrir árið 2019. Fasteignamat ársins 2019 miðast við verðlag fasteigna í febrúar 2018. Tafla í Viðauka 2 sýnir fasteignamat eftir sveitarfélögum og flokkum eigna.

Fasteignamat íbúðarhúsnæðis á landinu öllu hækkaði um 12,7% milli ára, um 10,3% á höfuðborgarsvæðinu en um 21,4% annars staðar á landinu. Mat atvinnuhúsnæðis hækkaði um 15%, um 17,2% á höfuðborgarsvæðinu og 9,9% utan þess.

Óvissa

Hagspá er sett fram sem breyting á föstu verðlagi með einum aukastaf sem gæti bent til að mikil víska sé um að spáin muni ganga eftir. Svo er þó ekki enda spár jafnan óvissu undirorpnar. Meðal helstu óvissuþátta um framvindu efnahagsmála á næstu árum má nefna:

- *Kjarasamningar.* Kjarasamningar renna út á næsta ári. Gildistími flestra samninga á almennum vinnumarkaði er til næstu áramóta og á opinbera vinnumarkaðnum almennt til loka marsmánaðar. Niðurstaða kjarasamninga er án efa mesti óvissuþátturinn í þróun efnahagsmála á næstu misserum.
- *Gengi krónunnar og verðbólga.* Gengisþróun er jafnan mikilli óvissu undirorpin og ekki á vísan að róa um spár þar að lútandi.
- *Alþjóðleg efnahagsþróun.* Horfur í heimsbúskapnum eru bjartari en



undanfarin ár. Óvissa er þó mikil m.a. um þróun alþjóðaviðskipta og niðurstöðu útgöngu Breta úr ESB.

- *Olíuverð.* Spár gera ráð fyrir hóflegri verðhækkun, en óvissan er töluverð.
- *Ferðapjónusta.* Landsmenn hafa lagt mikið undir í ferðapjónustu og væntingar hafa verið um áframhaldandi vöxt á næstu árum. Ýmsar blikur eru á lofti í þessum efnum, ekki síst vegna verðþróunar innanlands og hás gengis krónunnar.
- *Sjávarútvegur.* Sem fyrr er óvissa um afla, einkum er varðar uppsjávarfiska.

Kjaramál

Kjarasamningar á opinbera vinnumarkaðnum renna út í lok marsmánaðar 2019 en á almenna markaðnum til ársloka 2018. Samningur við Félag grunnskólakennara sem undirritaður var 25. maí sl. gildir þó til júníloka 2019.

Engar samningsbundnar hækkanir eru á næsta ári. Í þeim samningum sveitarfélaga sem renna út í marslok er kveðið á um eingreiðslur í febrúar nk.

Fjármálareglur

Tvær fjármálareglur voru lögfestar í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011. Þær eru jafnvægisregla og skuldaregla. Eftirlitsnefnd sveitarfélaga hefur eftirlit með að sveitarfélögin fari eftir þeim. Fjármálareglurnar eru:

Jafnvægisreglan. Samanlögð heildarútgjöld A- og B- hluta til rekstrar séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum.

Skuldareglan. Heildarskuldir og skuldbindingar A- og B- hluta séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum.

Jafnvægisreglan kveður á um að samanlögð niðurstaða fyrir næstliðið ár, áætluð rekstrarniðurstaða fyrir yfirstandandi ár og fjárhagsáætlun fyrir næsta ári sé jákvæð fyrir samtæðuna. Í þessu felst að niðurstaða fjárhagsáætlunar næsta árs sé í reynd gefin stærð.

Mikilvægt er að setja upp nákvæma áætlun um þróun skulda og skuldbindinga hjá samstæðu sveitarfélags í samanburði við áætlaðar tekjur þess.

Frekari grein er gerð fyrir þessum reglum í Reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 502/2012.

Sveitafélagið tók tillit til ofangreindra atriða við gerð fjárhagsáætlunar 2018 til og með 2022 auk þess að líta til aðlögunaráætlunar út árið 2022.




4.1 Þróun skatttekna A-hluta

Skatttekjur hafa aukist milli ára. Útsvarsprósentan var hækkuð á árinu 2015 úr 14,52% í 15,05% en var lækkuð aftur í 14,52% á árinu 2018 skv. samþykktri aðlögunaráætlun. Í meðfylgjandi frumvarpi að fjárhagsáætlun 2019 er gert ráð fyrir að útsvarsprósentan haldist óbreytt frá fyrra ári. Gert er ráð fyrir að álagningarhlutfall fasteignaskatts á húsnæði í A flokki lækki úr 0,46% niður í 0,36%. Fasteignamat íbúðarhúsnæðis í Reykjanesbæ hefur hækkað um 36% milli ára 2017 og 2018. Þessi breyting hefur þau áhrif að álagning fasteignaskatta er innan ramma upphaflegu aðlögunaráætlunar í krónutölu þ.e.a.s 1.750.000.000 þrátt fyrir lækkun á fasteignaskattshlutfallinu úr 0,46% í 0,36 á íbúðarhúsnæði.

	Rauntölur árið 2014	Rauntölur árið 2015	Rauntölur árið 2016	Rauntölur árið 2017	Spá 2018	Rammar 2019
Útsvar	5.257.548.907	6.242.640.710	7.315.775.545	8.975.877.256	9.079.931.000	9.905.151.000
Samtals	5.257.548.907	6.242.640.710	7.315.775.545	8.975.877.256	9.079.931.000	9.905.151.000
	4%	19%	17%	23%	5%	9%
	Rauntölur árið 2014	Rauntölur árið 2015	Rauntölur árið 2016	Rauntölur árið 2017	Álagning 2018	Rammar 2019
Fasteignaskattur	917.892.857	1.166.842.081	1.288.442.166	1.411.519.456	1.550.412.406	1.750.000.000
	6%	27%	10%	10%	0%	13%
	Rauntölur árið 2014	Rauntölur árið 2015	Rauntölur árið 2016	Rauntölur árið 2017	Rammar 2018	Rammar 2019
Jöfnunarsjóður	1.800.557.083	1.964.842.081	2.316.798.248	2.440.628.630	2.225.000.000	2.285.000.000
	16%	9%	18%	5%	0%	3%
	Rauntölur árið 2014	Rauntölur árið 2015	Rauntölur árið 2016	Rauntölur árið 2017	Álagning 2018	Rammar 2019
Lóðarleiga	153.759.453	165.051.562	191.902.157	213.477.925	240.618.642	270.000.000
	2%	7%	16%	11%	12%	12%
	Rauntölur árið 2014	Rauntölur árið 2015	Rauntölur árið 2016	Rauntölur árið 2017	Rammar 2018	Rammar 2019
Samtals skatttekjur	8.129.758.300	9.539.376.434	11.112.918.116	13.041.503.267	13.095.962.048	14.210.151.000
Breyting milli ára	7%	17%	16%	17%	4%	9%
					Rammar 2018	Rammar 2019
Íbúafjöldi	14.924	15.233	16.359	17.795	18.581	19.138
	Árið 2014	Árið 2015	Árið 2016	Árið 2017	Rammar 2018	Rammar 2019
Skatttekjur/íbúa	544.744	626.231	679.315	732.875	704.804	742.510
Útsvar/íbúa	352.288	409.810	447.202	504.404	488.668	517.565

4.2 Íbúafjölgun

Íbúum Reykjanesbæjar hefur fjölgað mikið á undanförunum árum en gert er ráð fyrir mun hægara vexti á næstu árum. Í frumvarpi að fjárhagsáætlun 2019 er gert ráð fyrir að íbúar verði um 18.900 í lok árs 2018 og að íbúafjölgun verði 2,9% árið 2019, 2,7% árið 2020, 2,6% árið 2021 og 2,5% árið 2022. Þann 1. desember 2018 voru íbúar bæjarins orðnir 18.877.



4.3 Þróun launakostnaðar A-hluta

Í forsendum að fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir 1% launaskriði vegna m.a. starfsaldurs. Settar voru inn kjarasamningshækkningar skv. gildandi kjarasamningum. Einnig var tekið tillit til aukningu stöðugilda sem einkum skýrist af aukinni þörf á þjónustu vegna íbúafjölgunar.

	2013	2014	2015	2016	2017	Spá 2018	Áætlun 2019
Laun og launat gj	4.158	4.624	5.069	5.353	6.426	6.625	7.262
Lífeyrisskuldbinding	307	489	507	1.021	879	500	580
Fjöldi stöðugilda	680	708	712	718	748	807	831
Starfsmannafjöldi	797	809	720	728	877	947	1.041

Skv. minnisblaði Sambands Íslenskra Sveitarfélaga eru fjölmargir kjarasamningar lausir á næsta ári og því ekkert í hendi um launahækkningar. Við gerð frumvarps að fjárhagsáætlun Reykjanesbæjar 2019 var farið að tillögum sambandsins og launahækkningar áætlaðir í samræmi við áætlaða hækkun launavísitölu.



Samkvæmt árshlutauppgjöri fyrir fyrstu 9 mánuði ársins er launakostnaður eftirfarandi:

Laun og launatengd gjöld								
Málaflokkur		Rauntölur	Áætlun	Mismunur		Ársáætlun	Eftirstöðvar	
02	Fjölskyldu og félagsþjónusta	734.007.408	781.348.000	47.340.592	6,4%	1.064.915.000	330.907.592	68,9%
04	Fræðslu- og uppeldismál	3.162.598.510	3.070.395.114	(92.203.396)	-2,9%	4.237.989.000	1.075.390.490	74,6%
05	Menningarmál	142.583.733	145.303.000	2.719.267	1,9%	195.565.000	52.981.267	72,9%
06	Íþróttá- og tómstundamál	252.501.651	253.340.000	838.349	0,3%	341.940.000	89.438.349	73,8%
07	Brunamál og almannavarnir	0	0	0	0,0%	0	0	0,0%
08	Hreinlætismál	0	0	0	0,0%	0	0	0,0%
09	Skipulags- og byggingarmál	57.325.795	56.531.000	(794.795)	-1,4%	75.980.000	18.654.205	75,4%
10	Umferðar- og samgöngumál	0	0	0	0,0%	0	0	0,0%
11	Umhverfismál	0	0	0	0,0%	0	0	0,0%
13	Atvinnumál	11.554.528	12.820.000	1.265.472	11,0%	17.350.000	5.795.472	66,6%
21	Sameiginlegur kostnaður	285.962.814	322.975.000	37.012.186	12,9%	504.970.000	219.007.186	56,6%
31	Eignasjóður	20.067.262	20.494.000	426.738	2,1%	27.610.000	7.542.738	72,7%
33	Umhverfismiðstöð	110.943.033	137.420.000	26.476.967	23,9%	163.635.000	52.691.967	67,8%
	Samtals	4.777.544.734	4.800.626.114	23.081.380	0,5%	6.629.954.000	1.852.409.266	72,1%

4.4 Þróun annars rekstrarkostnaðar A-hluta

	2013	2014	2015	2016	2017	Spá 2018	Áætlun 2019
Vöru- og þjónustukaup	2.886	3.058	2.894	3.066	3.263	3.715	4.314
Styrkir	1.560	1.586	1.501	1.448	1.145	1.596	1.406
Afskriftir	342	356	390	388	494	525	575
Samtals rekstrargjöld	4.788	5.000	4.785	4.902	4.902	5.836	6.294

Annar rekstrarkostnaður samkvæmt árshlutauppgjöri fyrir fyrstu 9 mánuði ársins án millifærslna er eftirfarandi:

Vöru- og þjónustukaup								
Málaflokkur		Rauntölur	Áætlun	Mismunur		Ársáætlun	Eftirstöðvar	
02	Fjölskyldu og félagsþjónusta	477.756.740	515.721.000	37.964.260	7,9%	685.305.000	207.548.260	69,7%
04	Fræðslu- og uppeldismál	1.541.591.837	1.564.207.550	22.615.713	1,5%	2.090.881.000	549.289.163	73,7%
05	Menningarmál	233.060.692	247.713.000	14.652.308	6,3%	326.440.000	93.379.308	71,4%
06	Íþróttá- og tómstundamál	450.626.708	452.932.000	2.305.292	0,5%	599.410.000	148.783.292	75,2%
07	Brunamál og almannavarnir	960.360	1.800.000	839.640	87,4%	2.000.000	1.039.640	48,0%
08	Hreinlætismál	286.918	2.751.000	2.464.082	0,0%	3.000.000	2.713.082	9,6%
09	Skipulags- og byggingarmál	28.664.122	28.540.000	(124.122)	-0,4%	37.320.000	8.655.878	76,8%
10	Umferðar- og samgöngumál	283.685.390	336.428.000	52.742.610	18,6%	409.900.000	126.214.610	69,2%
11	Umhverfismál	52.227.536	75.884.000	23.656.464	45,3%	83.050.000	30.822.464	62,9%
13	Atvinnumál	7.351.539	7.540.000	188.461	0,0%	4.700.000	(2.651.539)	156,4%
21	Sameiginlegur kostnaður	261.762.594	303.043.000	41.280.406	15,8%	463.595.000	201.832.406	56,5%
31	Eignasjóður	390.523.112	387.462.000	(3.061.112)	-0,8%	578.530.000	188.006.888	67,5%
33	Umhverfismiðstöð	19.490.338	33.838.000	14.347.662	73,6%	47.215.000	27.724.662	41,3%
	Samtals	3.747.987.886	3.957.859.550	209.871.664	5,6%	5.331.346.000	1.583.358.114	70,3%



Styrkir og framlög samkvæmt árshlutauppgjöri fyrstu 9 mánuði ársins án millifærslna eru eftirfarandi:

Styrkir og framlög							
Málaflokkur		Rauntölur	Áætlun	Mismunur		Ársáætlun	Eftirstöðvar
02	Fjölskyldu og félagsþjónusta	222.396.641	228.167.000	5.770.359	2,6%	349.230.000	126.833.359 63,7%
04	Fræðslu- og uppeldismál	162.415.202	177.779.000	15.363.798	9,5%	241.310.000	78.894.798 67,3%
05	Menningarmál	15.289.411	14.684.000	(605.411)	-4,0%	24.650.000	9.360.589 62,0%
06	Íþrótt- og tómstundamál	199.487.801	207.799.000	8.311.199	4,2%	261.050.000	61.562.199 76,4%
07	Brunamál og almannavarnir	192.056.337	194.260.000	2.203.663	1,1%	259.110.000	67.053.663 74,1%
08	Hreinlætismál	215.031.821	225.000.000	9.968.179	4,6%	300.000.000	84.968.179 71,7%
09	Skipulags- og byggingarmál	3.937.500	3.933.000	(4.500)	-0,1%	5.250.000	1.312.500 75,0%
10	Umferðar- og samgöngumál	17.472.099	18.400.000	927.901	5,3%	21.100.000	3.627.901 82,8%
11	Umhverfismál	32.148.279	35.306.000	3.157.721	9,8%	41.950.000	9.801.721 76,6%
13	Atvinnumál	6.822.584	6.668.000	(154.584)	-2,3%	16.000.000	9.177.416 42,6%
21	Sameiginlegur kostnaður	57.954.036	76.664.000	18.709.964	32,3%	86.295.000	28.340.964 67,2%
31	Eignasjóður	2.576.873	1.230.000	(1.346.873)	-52,3%	1.750.000	(826.873) 147,2%
33	Umhverfismiðstöð	2.741.876	2.404.000	(337.876)	-12,3%	3.150.000	408.124 87,0%
Samtals		1.130.330.460	1.192.294.000	61.963.540	5,5%	1.610.845.000	480.514.540 70,2%

4.5 Fjárfestingaráætlun – stofnframkvæmdir

Áætlað er um 450 mkr í framkvæmdir á ári skv. aðlögunaráætlun 2017 til og með 2022 og hafa sviðsstjórar komið sér saman um áherslur næsta árs og kynnt í ráðum. Huga þarf að almennum rekstri og viðhaldi á eignum bæjarins í framtíðinni. Lágmarks viðhald til lengri tíma getur haft áhrif á verðgildi eigna og þar með eignastöðu Reykjaneshafnar.

Fjárfestingaráætlun 2019 - stofnframkvæmdir	
Stækkun Grunnskólans við Dalsbraut	35.000.000
Myllubakkaskóli stækkun	85.000.000
Holtaskóli - breytingar	55.000.000
Stækkun á Öspinni	105.000.000
Hjallatún - stækkun	20.000.000
Gatnagerð í tengslum við fráveitu	108.000.000
Hönnunarverkefni - ýmis	10.000.000
Ófyrirséð	32.000.000
Alls grunnframkvæmdir án Stapaskóla	450.000.000

4.6 Reykjaneshöfn

Fjárhagsleg endurskipulagning og endurfjármögnun skulda Reykjaneshafnar er lokið. Reykjaneshöfn greiddi upp í lok árs 2017 og fyrsta hluta árs 2018 allar langtímaskuldir hafnarinnar aðrar en skuld við Lánasjóð sveitarfélaga. Hér var um að ræða skuldabréfaflokk RNH 16 og RNH 27 auk skulda hafnarinnar við Landsbanka og Íslandsbanka. Í ágúst 2018 var gengið frá samkomulagi milli Reykjaneshafnar og Reykjaneshafnar þar sem skuldir hafnarinnar við bæjarsjóð



að fjárhæð alls um 7.893 m.kr. voru gerðar upp með afhendingu lands í Helguvík að verðmæti 4.600 m.kr. og nýju skuldabréfi til 40 ára að fjárhæð um 3.293 m.kr. Skuldabréfið ber fasta 3,5% árlega vexti á lánstímanum og verðtryggt með vísitölu neytluvöruverðs.

4.7 H.S. veitur ehf.

Eignarhlutur Reykjanesbæjar í H.S. veitum ehf. er 50,1% og er því tekið hér með sem B-hlutafyrirtæki. Áætlað er að fjárfestingar félagsins verði verulegar á næstu árum en félagið ræður vel við greiðslubyrði sína með rekstri. Einnig er vakin athygli á því að í umfjöllun hér að framan um skuldaviðmið eru rekstur og staða H.S. veitna einnig tekin með. Eins og fyrr hefur verið nefnt er nú **skv. ákvæði reglugerðar nr. 458/2018 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga er sveitarfélaginu nú heimilt að undanskilja H.S. veitur úr skuldaviðmiði. Það er ekki gert í þeim yfirlitum sem lögð eru hér fram en ljóst að sú aðgerð hefur veruleg áhrif til lækkunar skuldaviðmiðs.**

4.8 Fráveita Reykjanesbæjar

Í framkvæmdaáætlun Fráveitu Reykjanesbæjar árið 2019 er gert ráð nauðsynlegum framkvæmdum að fjárhæð um 267 m.kr. Á árunum 2020 og 2021 er gert ráð fyrir aukningu í fjárfestingum Fráveitunnar einkum vegna nýrrar skolphreinsistöðvar í Keflavík. Á þessum árum er gert ráð fyrir að framkvæmdir verði að fjárhæð um 1.100 m.kr.

Gerðar hafa verið ástandskannanir á lögnum bæjarins og ljóst er að margar hverjar þurfa talsvert viðhald og endurnýjun. Ásbrú er komin inn sem hluti af fráveitukerfi bæjarins og er það töluverð aukning á lögnum. Lagt hefur verið í sjóð til framkvæmda á næstu árum til að mæta brýnni þörf á framkvæmdum.

4.9 Aðrar B-hluta stofnanir

Aðrar B-hluta stofnanir eru Eignarhaldsfélagið Fasteign ehf., Íslendingur ehf., Hjúkrunarheimilið Nesvellir, Framkvæmdasjóður aldraðra, Hljómahöll veitingar ehf. og Tjarnargata 12 ehf.

Ekki er í þessari fjárhagsáætlun gert ráð verulegum breytingum á rekstri eða stöðu Eignarhaldsfélagsins Fasteignar ehf. heldur er stuðst við samninga við kröfuhafa.

Íslendingur ehf., er samstæða Íslendinga ehf. og Útlendinga ehf. en í júní 2015 var gengið frá leigusamningi vegna starfsemi í húsnæði Útlendinga ehf. með kaupréttarákvæði eftir 5 ár.

Rekstur þessarra B-hluta stofnana er í jafnvægi og hafa óveruleg áhrif á fjárhagsáætlunina.

5. Ytri fjárhagslegar áhættur A-hluta

Dæmi um ytri fjárhagslegar áhættur:

- Verðbólguáhætta – t.d. verðbólga og vextir
- Vinnumarkaðsáhætta – t.d. verkföll og atvinnuleysi
- Skuldabréfaáhætta – t.d. mótaðilaáhætta
- Lausafjárahætta – t.d. er til fjármagn til greiðslu reikninga og afborgana lána
- Áhættur vegna fjárhagslegra samskipta við ríkið – t.d. málefni fatlaðra, hækkun / lækkun tryggingagjalds
- Aðrir óvissuþættir – t.d. útsvarstekjur, fasteignagjöld, fjárhagsaðstoð ofl



6. Forsenduyfirlit langtímaspár:

Forsenduyfirlit langtímaspár - rekstrartekjur					
	Útkomuspá	Fjárhagsáætlun	Þriggja ára áætlun		
	2018		2020	2021	2022
Skatttekjur					
Íbúafjöldun	Áætluður íbúafjöldi	3,0%	2,5%	2,5%	2,5%
	18.581	19.140	19.621	20.112	20.618
Atvinnuleysi	Óbreytt	Óbreytt	Óbreytt	Óbreytt	Óbreytt
Aldurssamsetning íbúa	Óbreytt	Óbreytt	Óbreytt	Óbreytt	Óbreytt
Útsvarshlutfall	>14,52%	Óbreytt hlutfall	Óbreytt hlutfall	Óbreytt hlutfall	Óbreytt hlutfall
Fasteignaskattur	A flokkur 0,46% B flokkur 1,32% C flokkur 1,65%	A flokkur 0,36% B flokkur 1,32% C flokkur 1,65%	Óbreytt hlutföll	Óbreytt hlutföll	Óbreytt hlutföll
Uppbygging fasteigna	Engin fjölgun, almennar verðlagshækkunar	Engin fjölgun, almennar verðlagshækkunar	Engin fjölgun, almennar verðlagshækkunar	Engin fjölgun, almennar verðlagshækkunar	Engin fjölgun, almennar verðlagshækkunar
Verðlag - launavísitala skv. þjóðhagsspá		5,9%	4,6%	4,3%	4,2%
Verðlag - neytluvísitala skv. þjóðhagsspá		2,9%	2,7%	2,6%	2,5%
Framlög jöfnunarsjóðs					
Framlög	Án framlags vegna fjárhagserfiðleika	Óbreytt frá fyrra ári aok hækkun vísitölu	Óbreytt frá fyrra ári aok hækkun vísitölu	Óbreytt frá fyrra ári aok hækkun vísitölu	Óbreytt frá fyrra ári aok hækkun vísitölu
Verðlag - neytluvísitala skv. þjóðhagsspá		2,9%	2,7%	2,6%	2,5%
Aðrar tekjur og óreglulegir liðir:					
RNH vegna US	Reglulegar tekjur: 0 m.kr.	Reglulegar tekjur: 0 m.kr.	Sama og árið á undan	Sama og árið á undan	Sama og árið á undan
RNH vegna Thorsil		Reglulegar tekjur: 3 m.kr.	Reglulegar tekjur: 15 m.kr.	Reglulegar tekjur: 170 m.kr.	Reglulegar tekjur: 170 m.kr.
RNH vegna Thorsil		970 m.kr. eingreiðslur (lóðarkaup og framkvæmdir 562 m.kr.) Nettó 408 m.kr.			
Gjaldskrár	Skv. gildandi skrá	Samkvæmt samþykkt bæjarráðs	Óbreyttar	Óbreyttar	Óbreyttar
Verðlag - neytluvísitala skv. þjóðhagsspá		2,9%	2,7%	2,6%	0,025



Forsenduyfirlit langtímaspár - rekstrargjöld

	2018	2019	2020	2021	2022
Laun og launategd gjöld					
Kjarasamningar	Í samræmi við gildandi samninga	Í samræmi við gildandi samninga haust 2018	Í samræmi við gildandi samninga haust 2018	Í samræmi við gildandi samninga haust 2018	Í samræmi við gildandi samninga haust 2018
Stöðugildi	Viðbót vegna nýr leikskóli	Viðbót vegna íbúafjölgunar - nýr grunnskóli	Viðbót vegna nýr grunnskóli	Óbreytt frá fyrra ári	Óbreytt frá fyrra ári
Verðlag - launavísitala skv. þjóðhagsspá	6,5%	5,9%	4,6%	4,3%	4,2%
Annar rekstrarkostnaður					
Hagræðing	Almennar aðgerðir	Almennar aðgerðir	Almennar aðgerðir	Almennar aðgerðir	Almennar aðgerðir
Verðlag - neytluvísitala skv. þjóðhagsspá	2,7%	2,9%	2,7%	2,6%	2,5%
Fjármagnsliðir					
Vextir	Samkvæmt gildandi lánasamningum haust 2018	Samkvæmt gildandi lánasamningum haust 2018	Samkvæmt gildandi lánasamningum haust 2018	Samkvæmt gildandi lánasamningum haust 2018	Samkvæmt gildandi lánasamningum haust 2018
Verðlag - neytluvísitala skv. þjóðhagsspá	2,7%	2,9%	2,7%	2,6%	2,5%



Forsenduyfirlit - endurskipulagning efnahags

	2018	2019	2020	2021	2022
Eignabreytingar					
Sala og tilfærslur fastafjármuna	Bæjarsjóður kaupir af RNH landsvæði. Kaupverð 4.600 m.kr.		Vikingabraut 1 Sala 200 m.kr.		
Langtímakröfur	Í samræmi við ársreikning 2017	Í samræmi við ársreikning 2017	Í samræmi við ársreikning 2017	Í samræmi við ársreikning 2017	Í samræmi við ársreikning 2017
Fjárfestingar					
Stofnframlög					
Eignasjóður	Grunnfjárf. 700 m.kr. Grunnskóli 1. áfangi 400 m.kr.	Grunnfjárf. 450 m.kr. Grunnskóli 1. áfangi 1.500 m.kr.	Grunnfjárf. 450 m.kr. Grunnskóli 1. áfangi 1.600 m.kr.	Grunnfjárf. 450 m.kr. Grunnskóli 2. áfangi 650 m.kr.	Grunnfjárf. 450 m.kr. Grunnskóli 2. áfangi 650 m.kr.
Reykjaneshöfn	15 m.kr.	65 m.kr.	48 m.kr.	25 m.kr.	42 m.kr.
HS Veitur hf.	Í samræmi við áætlun framkvæmdastjóra	Í samræmi við áætlun framkvæmdastjóra	Í samræmi við áætlun framkvæmdastjóra	Í samræmi við áætlun framkvæmdastjóra	Í samræmi við áætlun framkvæmdastjóra
Fráveita	Grunnfjárfesting 150 m.kr.	Fjárfesting 267 m.kr.	Fjárfesting - dælustöð 550 m.kr.	Fjárfesting - dælustöð 550 m.kr.	Grunnfjárfesting 150 m.kr.
Hjúkrunarheimili			Framlag til fjárfestingar 50 m.kr.	Framlag til fjárfestingar 100 m.kr.	Framlag til fjárfestingar 150 m.kr.
Afborganir langtímaskulda og skuldbindinga					
Samkomulag vegna EFF:	Leigugreiðslur í samræmi við fyrri samninga	Leigugreiðslur í samræmi við fyrri samninga	Leigugreiðslur í samræmi við fyrri samninga	Leigugreiðslur í samræmi við fyrri samninga	Leigugreiðslur í samræmi við fyrri samninga
Stofnun HSES um Fasteignir Reykjanesbæjar	Fallið úr samteknum reikningskilum				
Fjármögnun RNH	Skuldir gerðar upp við bæjarsjóðs og tekið nýtt skuldabréf 3.293 mkr.				
Nýjar lántökur	Eignasjóður: 864 m.kr. HS Veitur: 5.500 m.kr.	Eignasjóður: 500 m.kr. (30 ár)	Eignasjóður: 1.100 m.kr. (30 ár)		Eignasjóður: 600 m.kr. (30 ár)
Afborganir annarra langtímaskulda	Í samræmi við gildandi lánasamninga haust 2018	Í samræmi við gildandi lánasamninga haust 2018	Í samræmi við gildandi lánasamninga haust 2018	Í samræmi við gildandi lánasamninga haust 2018	Í samræmi við gildandi lánasamninga haust 2018
Leigusamningar aðrir en EFF	Í samræmi við gildandi leigusamninga	Í samræmi við gildandi leigusamninga	Í samræmi við gildandi leigusamninga	Í samræmi við gildandi leigusamninga	Í samræmi við gildandi leigusamninga
Lífeyrisskuldbindingar	Í samræmi við útreikning trygginga-stærðfræings í árslok 2017	Í samræmi við útreikning trygginga-stærðfræings í árslok 2017	Í samræmi við útreikning trygginga-stærðfræings í árslok 2017	Í samræmi við útreikning trygginga-stærðfræings í árslok 2017	Í samræmi við útreikning trygginga-stærðfræings í árslok 2017
Annað					
EFF	Í samræmi við gildandi lánasamninga haust 2018	Í samræmi við gildandi lánasamninga haust 2018	Í samræmi við gildandi lánasamninga haust 2018	Í samræmi við gildandi lánasamninga haust 2018	Í samræmi við gildandi lánasamninga haust 2018
HS Veitur (arður / lækun hlutfjár)	160 mkr arður og RNB fær 50,1% af því	160 mkr arður og RNB fær 50,1% af því	400 mkr arður og RNB fær 50,1% af því	400 mkr arður og RNB fær 50,1% af því	400 mkr arður og RNB fær 50,1% af því